115 21. nóv. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu* **um sjerstakt manntalsþing fyrir Grafningshrepp.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 12. júlí þ. á., samþykkist hjermeð, að Grafningshreppur í Árnessýslu verði sjerstök manntalsþinghá með þingstað að Úlfljótsvatni, og er þetta samþykki mitt bundið því skilyrði, að hreppsnefndin í Grafningshreppi sjái um, að hæfilegt þinghús verði til á hinum ákveðna þingstað í hreppnum. Með þessu brjefi er engin breyting gjörð á takmörkum Stóruborgar-þingsóknar sem dómsþinghár.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

116 21. nóv. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um neitun sýslunefndar um að greiða lögleg útgjöld úr sýslusjóði.** — Með þóknanlegu brjefi frá 6. júní þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að sýslunefnd Suðurþingeyjarsýslu, í tilefni af brjefi amtsráðsins frá 10. júlí f. á., þarsem sýslunefndinni hafi verið tilkynnt sú ákvörðun ráðsins, að útgjöldin við útvegun embættisbóka handa hreppstjórum skyldu greiðast úr sýslusjóði, hafi á fundi sínum 30. og 31. marz þ. á. neitað oddvita sínum um heimild til að greiða þennan kostnað úr sjóði sýslunnar, þareð hún þekkti eigi þau lög eða tilskipanir, er legðu þessa gjaldskyldu á sýslusjóðina, en áliti að málið eptir eðli sínu heyrði undir dómstólana. Hafið þjer getið þess, að amtsráðið að vísu álíti neitun þessa ólöglega, en ætli þó, að hjer eigi ekki við að beita þvingunarsektum samkvæmt 52. gr. sveitastjórnatilskipunarinnar, 1. lið, en aptur á móti sje rjettara að koma ábyrgð fram við dómstólana gegn hlutaðeigandi sýslunefndarmönnum, og hafið þjer fyrir hönd amtsráðsins beiðst leiðbeiningar minnar um, hvernig þessari ábyrgð verði komið fram og sjerlagi á hverjum lagastað byggja skuli slíka kæru og hver hegning liggi við.

Í tilefni af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, að með því að ályktun amtsráðsins samkvæmt 42. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar er nægileg heimild fyrir oddvita sýslunefndarinnar til útborgana af sýslusjóði, án þess að neitun sýslunefndarinnar geti haft nokkra þýðingu þarámóti, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að amtsráðið beiti þvingunarsektum samkvæmt 52. gr. 1. lið nefndrar tilskipunar gegn oddvita, til þess að fá hann til að útborga hinn umrædda kostnað. Jafnframt má þá einnig eptir ákvörðun amtsráðsins höfða mál gegn þeim sýslunefndarmönnum, er tekið hafa þátt í hinni ólöglegu neitun til ábyrgðar eptir hegningarlaganna 143. gr. smbr. 145. gr. eða eptir «analogi» þessara ákvarðana.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum 1882 og 1883,

10. gr. C. 5. a.

Til endurbóta á veginum yfir Holtavörðuheiði, í viðbót við áður veittar 500 kr., 70 kr. 94 a.

13. gr. B. V. c.

Til alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg veittar 600 kr. gegn 300 kr. úr hreppssjóði.

KONUNGSLEYFI.

8. þ. m. var Sigmundi prentara Guðmundssyni veitt leyfi til að stofna og halda prentsmiðju í Reykjavík.